



Rannveig Oddsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„Rituð textagerð barna í 1.–4. bekk: Þróun, einstaklingsmunur og áhrif umskráningar, málproska og sjálfstjórnar - Icelandic children's text writing in first to fourth grade: The development, individual differences and effect of encoding, language skills and self-regulation“

föstudaginn 9. febrúar kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Jörgen Leonhard Pind, prófessor við Sálfræðideild Háskóla Íslands, og dr. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Leiðbeinandi var dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

Meðleiðbeinendur voru dr. Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur hjá Menntamálastofnun, og dr. Freyja Birgisdóttir, dósent við Sálfræðideild Háskóla Íslands. Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Steinunn Gestsdóttir, prófessor við Sálfræðideild Háskóla Íslands.

Baldur Sigurðsson, deildarforseti Kennaradeildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.
Allir velkomnir.

Föstudaginn 9. febrúar kl. 13.00 fer fram doktorsvörn frá Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rannveig Oddsdóttir ver doktorsritgerð sína, Rituð textagerð barna í 1.–4. bekk: Þróun, einstaklingsmunur og áhrif umskráningar, málþroska og sjálfstjórnar.

Um verkefnið

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um þróun ritaðrar textagerðar hjá íslenskum börnum í 1.–4. bekk. Leitað var svara við þremur meginspurningum:

1. Hvernig þróast ritaðar frásagnir og upplýsingatextar íslenskra barna í 1.–4. bekk?
2. Spáir færni í umskráningu, málþroska og sjálfstjórn í 1. bekk fyrir um frammistöðu barna í ritun í 2. og 4. bekk?
3. Hvernig birtist einstaklingsmunur í frammistöðu og framförum í ritaðri textagerð í 1.–4. bekk og hvað veldur honum?

Tveimur hópum barna, alls 83 börnum, var fylgt eftir í fjögur ár, frá 1.–4. bekk. Málþroski barnanna, umskráningarfærni og sjálfstjórn voru metin þegar þau voru í 1. bekk og gögnum um ritun safnað frá öðrum hópnum í 1., 2. og 4. bekk en frá hinum hópnum í 2., 3. og 4. bekk. Í hverri fyrirögn skrifuðu börnin tvo texta, frásögn og upplýsingatexta.

Blandaðar aðferðir voru notaðar við greiningu og úrvinnslu gagna. Meginleg greining á textunum náði til byggingar þeirra, lengdar, orðaforða, samloðunar og stafsetningar. Lýsandi tölfræði og t-próf voru notuð til að meta stöðu barnanna í rituninni í hverjum bekk fyrir sig og framfarir á milli ára. Samhliða meginlegri greiningu var rýnt nánar í gögnin með eigindlegum aðferðum til að draga skýrar fram einkenni textanna á hverjum tíma, framfarir milli ára og einstaklingsmun. Fylgniútreikningar og fjölbreytuaðhvarfsgreining voru notuð til að skoða tengsl á milli mælinga og forspárgildi umskráningar, málþroska og sjálfstjórnar fyrir frammistöðu í textagerð í 2. og 4. bekk.

Ágætar framfarir urðu í textaritun á þeim tíma sem rannsóknin náði yfir. Öll árin stóðu börnin þó sterkar að vígi í ritun frásagna og heldur meiri framfarir urðu í ritun þeirra en upplýsingatexta. Mikill einstaklingsmunur var í getu og framförum barnanna og verður sá munur aðeins að hluta til skýrður með stöðu þeirra í umskráningu, málþroska og sjálfstjórn.

Enska

The main purpose of the study was to investigate the development of Icelandic children's text writing from first to fourth grade. The three main research questions were as follows:

1. How do Icelandic children's written narratives and information texts develop from first to fourth grade?
2. What is the relative effect of encoding, language skills, and self-regulation on Icelandic children's text writing in second and fourth grade?
3. How do individual differences appear in children's performance and progress in text writing in first to fourth grade, and how can they be explained?

Two cohorts of children, a total of 83 children, were followed for four years, from first to fourth grade. Their encoding skills, language skills and self-regulation were evaluated in grade 1. Data on writing was collected from one cohort of children in grades, 1., 2. and 4., but from the other cohort in grades 2., 3. and 4. The children wrote two texts each year; a narrative and an information text.

Mixed methods were used for data analysis. Quantitative analyses were used to measure text length, vocabulary, cohesion, structure and spelling. Descriptive statistics and t-tests were used to assess children's performance in writing in each grade and their progress from one year to other. Qualitative methods were used for deeper analyses of the texts; to describe the characteristic features for each text genre in each grade, the progress from year to year and individual

differences. Correlation was used to compare children's performance in the two different text genres. A multiple regression model was used to determine the effect of encoding, language skills and self-regulation on text writing in second and fourth grade.

Results show reasonable progress in text writing from first to fourth grade. On all four testing occasions the children performed slightly better when they produced narratives than when they wrote information texts, and the children also showed more progress in narrative writing than in information text writing. Great individual differences were found regarding the children's performance each year and their progress from year to year. Children's encoding skills, language skills, and self-regulation in first grade only explained a small amount of the variance in children's performance and progress.

Um doktorsefnið

Rannveig Oddsdóttir er fædd á Akureyri 1973 og ólst upp á bænum Dagverðareyri við Eyjafjörð. Hún lauk leikskólakennaranámi frá Fósturskóla Íslands 1994 og meistaranámi frá Kennaraháskóla Íslands, með áherslu á sérkennslu, 2004. Rannveig kenndi um árabíl í leik- og grunnskólum en hefur undanfarin ár sinnt kennslu og rannsóknarstörfum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og starfar nú sem sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Mál og læsi hafa verið helstu áherslur Rannveigar í námi og starfi. Hún hefur unnið að því að þróa námsgögn til að efla málþroska barna og tekið þátt í stefnumótun og þróunarstarfi sem varðar læsiskennslu í leik- og grunnskólum. Rannveig er gift Svanlaugi Jónassyni og eiga þau þrjú börn, Kolbrá, Bjartmar og Steinar.